BYGGINGARFULLTRÚINN Í REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/168
komudagur 25/11 1996

Til þeirra er málið varðar.

Reykjavík, 24. nóvember 1996

Varðar frumvarp til nýrra skipulags- og byggingarlaga.

Lagt er til að til viðbótar 2. málsgrein 53. greinar (eða ný grein) komi:

Byggingarfulltrúa er heimilt að fengnu samþykki sveitarstjórnar að fela prófhönnuði eða faggiltri skoðunarstofu yfirferð og samþykkt séruppdrátta.

Vegna yfirferðar séruppdrátta skal greiða sérstakt gjald sem nemi þeim útgjöldum sem yfirferðin hefur í för með sér. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um starfsreglur og gjaldtöku vegna þessa.

Rökstuðningur:

Hér er opnuð leið til þess að flytja verkefni og kostnað frá opinberum aðilum (og sameiginlegum sjóði borgaranna) út á frjálsan markað. Enda lítið vit í því að skattgreiðendur séu að greiða fyrir yfirferð á uppdráttum frá löggildum hönnuðum. Reynslan hefur þá sýnt það að full þörf er á þessari yfirferð, og má koma í veg fyrir tjón á byggingum með henni. Þá er einnig rétt að hafa í huga að embætti byggingarfulltrúa eru mjög misjafnlega mönnuð til þess að sinna þessu hlutverki, en til þess þarf verulega breidd í þekkingu. Ekki er hægt að ætlast til að öll sveitarfélög hafi í sinni þjónustu starfslið sem kunni skil á hverri sérgrein út í æsar. Má í þessu sambandi nefna að ekkert embætti byggingarfulltrúa í landinu er fært um yfirferð á raflagnauppdráttum. Með þeirri leið, sem hér er lagt til að fara má í framtíðinni lækka kostnað sveitarfélaga, auka öryggi og stuðla að jafnari afgreiðslu mála, með samræmdum verklagsreglum.

Magnús Sædal

Magnús Sædal Svavarsson
byggingarfulltrúi

Borgartún 3 · 105 Reykjavík · Kennitala: 570480-0149 · Sími 563 2430 · Fax 562 8680